

Amtsráðsskýrslur.

174

Aðalfundur amtsráðsins í suðurumdæminu 7. og 8. júní 1882.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmanni Dr. phil. Grími Thomsen og varaamtsráðsmanni kaupmanni Guðmundi Thorgrímson á Eyrarbakka.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið ljeti í tje aðstoð sína til þess, að nefnd sýsla fái úr landssjóði eða annarsstaðar frá styrk til að afstýra yfirvofandi hallæri, einkum í Landmannahreppi, annaðhvort endurgjaldslaust, eða með samþykki amtsráðsins, móti endurgjaldi, sem sýslusjódurinn ábyrgðist, og hafði sýslunefndin álitid, að hið minnsta, sem til þessa þyrfti, væri 1000 kr., en í brjefi sínu til amtsráðsins hafði sýslumaðurinn lýst því yfir, að óskilegt væri, að sýslunefndin fengi til umráða allt að 2000 kr., ef hún álitir, að á svo miklu þyrfti nauðsynlega að halda. Amtsráðið ákvað að veita samþykki sitt til, að sýslunefndin mætti taka 2000 kr. lán til að afstýra hallæri með löngum borgunarfresti, og að mæla með því, að lán þetta fengist úr viðlagasjóði. Jafnframt var ákveðið að brýna fyrir sýslunefndinni að verja láninu einungis til að bæta úr sannri þörf og vandræðum, og láta sjer mjög annt um, að hjálpinni yrði útbýtt með ráðdeild og fyrirbyggju.
2. Landshöfðinginn hafði sent amtsráðinu til álita beiðni frá sýslunefndinni í Bórgarfjarðarsýslu um, að sýslunni yrði veitt lán að minnsta kosti 16—20000 kr. úr viðlagasjóði, til að bæta úr neyð þeirri, er vofir yfir sýslunni vegna undanfarinna harðinda og skepnufellis, og hafði nefndin hugsað sjer að verja fjenu til að styrkja hrepps-fjelög og einstaka menn, er hefðu orðið fyrir miklu tjóni á bjargræðisstofni sínum til að bæta hann aptur, einkum með því að kaupa ærstofn frá öðrum hjeruðum; óskadi nefndin, að lánið mætti endurborgast með vöxtum á 28 árum, þannig að 6% greiddust á ári. Amtsráðið sá sjer ekki fært að samþykkja svo stórt lán, sem sýslunefndin hafði farið fram á, með því endurborgun slíks láns mundi verða sýslunni ofvaxin, og með því eigi heldur voru framkomnar svo ítarlegar skýrslur um ástandið, að það gæti talizt nægilega upplýst, að svo hátt lán væri óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra hallæri í sýslunni. Þar á móti vildi amtsráðið samþykkja og mæla fram með, að sýslunni yrði veitt allt að 10000 kr. lán til að kaupa búfjárstofn handa þeim, er hefðu orðið fyrir miklum skepnufelli, og að þetta lán yrði veitt með 28 ára borgunarfresti, en ef borgunarfresturinn yrði ákveðinn að nokkrum mun styttri, áleit amtsráðið, að jafnvel endurborgun á 10000 kr. láni mundi verða of þung byrði fyrir sýslufjelagið.

Aðalfundur amtsráðsins í suðuramtinu 30. júní og 1.—3. júlí 1882.

175

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum Dr. phil. Grími Thomsen og prófasti síra Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1881; var hann yfirskodaður og fannst ekkert við hann að athuga.
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjald suðuramtsins 1881 og reikning